



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Laxar Fiskeldi ehf.
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík 26. maí 2023
Tilv.: UMH23050094/8.14

Við er til erindis yðar frá 19. maí sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, vegna starfsemi Laxa í utanverðum Reyðarfirði, nánar tiltekið undanþágu svo útsetning seiða á eldissvæði við Vattarnes geti farið fram samkvæmt útsetningaráætlun. Starfsleyfið sem um ræðir heimilar eldi á laxi með 10.000 tonna hámarkslífmassa í sjókvíum á svæðunum Kolmúla, Rífskeri, Vattarnesi og Hafranesi. Þá er þess óskað að undanþágan nái að lágmarki til 10.000 tonna hámarkslífmassa á eldissvæðinu Vattarnesi og gildi út eldistíma þeirrar kynslóðar sem nú er á leið í kvíar, þ.e. í 24 mánuði, eða þangað til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í erindinu kemur fram að Laxar Fiskeldi ehf., telji að öll tilgreind skilyrði séu uppfyllt vegna umsóknar félagsins til ráðherra um veitingu undanþágu frá starfsleyfi vegna starfsemi fyrirtækisins Reyðarfirði. Vísar fyrirtækið til þess að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar þar sem Skipulagsstofnun hafi gefið út álit um mat á umhverfisáhrifum, sem liggur til grundvallar umrædds starfsleyfis, þann 4. janúar 2019. Einnig liggja fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsleyfi Laxa í Reyðarfirði þar sem m.a. sé fjallað um styttingu hvíldartíma úr tólf mánuðum í þrjá mánuði. Félagið bendir einnig á að fyrir liggja fullnægjandi starfsleyfisumsókn en Matvælastofnun hafi afhent félaginu útgefna starfs- og rekstrarleyfi þann 17. mars 2020 og starfsleyfið hafi verið endurskoðað þann 23. júní 2022. Byggir útgáfa starfsleyfis á undangengnu umhverfismati, sem og fullnægjandi starfsleyfisumsókn sem liggur fyrir hjá Umhverfisstofnun. Einnig liggja fyrir fullgild umsókn um breytingu á starfsleyfi sem grundvallast á ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu dags. 31. maí 2022.

Þá telur félagið að ríkar ástæður mæli með veitingu undanþágu frá starfsleyfi. Samkvæmt starfsleyfi sé félaginu gert skylt að hvíla eldissvæðið í 12 mánuði á milli kynslóða, auk þess sem tilkynna þarf

Umhverfisstofnun um útsetningu seiða með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara. Félaginu sé afar mikilvægt að útsetningaráætlun haldist óbreytt og með veitingu undanþágu frá starfsleyfi megi tryggja að útsetning Laxa á Vattarnes fari fram tímanlega og með lögmætum hætti. Á gildistíma undanþágu frá starfsleyfi yrði lífmassi að hámarki 10.000 tonn, en Vattarnes er eina eldissvæði leyfisins sem til stendur að nýta á gildistíma undanþágunnar. Seiðaframleiðsla félagsins hafi tekið mið af útsetningaráætluninni sem kynnt var Umhverfisstofnun og Matvælastofnun og óhemju mikil vinna og verulegar fjárfestingar liggi að baki hverri útsetningu. Ómögulegt sé að fresta útsetningu án þess að farga seiðum í gríðarlegu magni. Einnig sé um velferðarmál að ræða þar sem sá fiskur sem stendur til að flytja hafi þegar verið sveltur og bíður þess að komast í kvíar. Ef útsetning tefst umfram það sem orðið er muni plássleysi ógna velferð fiskisins. Alls standi til að flytja 2.333.200 seiði í 20 ferðum með brunnbát. Seiðin eru tilbúin til flutnings og áætlanir gerðu ráð fyrir að fyrsti hópurinn yrði fluttur í kvíar þann 18. maí. Í kjölfar samskipta félagsins við Umhverfisstofnun vegna vöktunarskýrslu var flutningum frestað. Með tilliti til dýravelferðar sé félaginu því ekki stætt á að fresta útsetningu umfram það sem þegar er orðið, þar sem eldisrými í seiðastöðvum bjóði ekki upp á frekari breytingar á útsetningaráætlun. Tefjist útsetning seiða frekar mun félaginu að öllum líkindum reynast nauðsynlegt að farga seiðum með tilheyrandi umhverfistjóni og áföllum í rekstri. Í erindinu heldur félagið því einnig fram að af förgun seiðanna hlytist gríðarlegt fjárhagslegt tjón. Mikil verðmæti séu fölgín í þeim lífmassa sem sé í húfi auk þess sem undirbúningur flutninga sem þegar er hafinn sé mjög kostnaðarsamur og umfangsmikill. Auk þess að valda verulegum fjárhagslegum skaða myndi förgunin einnig leiða af sér stórt umhverfistjón sem félaginu sé mikið í mun að afstýra. Í heildina sé um að ræða 1.200 tonn af eldisfiski sem þyrfti að urða með tilheyrandi álagi á umhverfi.

Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar þann 19. maí sl.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 25. maí sl. Í umsögninni kemur fram að ástæða umsóknar Laxa ehf., um tímabundna undanþágu sé að umsókn um breytingu á starfsleyfi fyrirtækisins sem m.a. sneri að styttingu hvíldartíma hafi ekki verið afgreidd. Umsækjandi hafi sótt um breytingu á starfsleyfi þann 1. júní 2022 í kjölfar ákvörðunar Skipulagsstofnunar frá 31. maí 2022. Stefnt hafi verið á að útsetning myndi hefjast þann 25. maí. en endanlegar dagsetningar flutninganna séu háðar veðri. Fyrir liggur að flutningur seiða eigi að hefjast þann 26. maí. Flutt verði alls 2.3 milljónir seiða (1.200 tonn) í 20 ferðum með brunnbát frá seiðaeldisstöð Laxa við Laxabraut í Þorlákshöfn (tölf ferðir), frá Ísþór stöð Arnarlax við Nesbraut við Þorlákshöfn (tvær ferðir) og stöð Rifóss við Röndina í Kelduhverfi (sex ferðir). Að baki útsetningar seiða liggur margra ára undirbúningur en þegar útsetningaráætlun var sett upp í þeirri mynd sem hún er lá fyrir umsókn um breytingu á starfs- og rekstrarleyfum félagsins í Reyðarfirði. Við gerð útsetningaráætlunarinnar gerði félagið ráð fyrir að umsóknin fengist afgreidd áður en setja ætti út seiði vorið 2023.

Í umsögn stofnunarinnar vísar hún til þess að fjallað sé um hvíldartíma í gr. 3.2 í starfsleyfi fyrirtækisins. Þar segi að eldissvæðin skulu hvíld í a.m.k. 12 mánuði milli eldislota (frá lokum slátrunar). Tilkyнна þurfi stofnuninni hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara auk þess sem upplýsingar um vöktun eldissvæðanna þurfi að liggja fyrir. Þá er mælt fyrir um heimild til að fresta útsetningu ef niðurstöður umhverfisvöktunar benda til þess að uppsöfnun næringarefna eigi sér stað eða aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni. Í áliti Skipulagsstofnunar frá 4. janúar 2019 sem starfsleyfið byggir á segir að vöktun þurfi að leiða í ljós hvort sá hvíldartími sé nægur til að botn nái góðu ástandi á milli eldislota. Þá segir að mikilvægt sé að hvíld eldissvæða og tilhögun eldis verði stýrt af raunástandi botndýralífs. Því er mikilvægt að í starfsleyfi sé skýrt kveðið á um viðmið um ástand botns og þær mótvægisáðgerðir sem grípa skuli til. Skipulagsstofnun taldi að í starfsleyfi ætti að kveða á um að eldi hefjist ekki á ný að lokinni hvíld fyrr en hafsbotn á svæðinu hafi náð ásættanlegu ástandi, samkvæmt viðmiðum sem Umhverfisstofnun myndi setja. Leiði vöktun í ljós að ástand botns vegna yfirstandandi eldis er ekki ásættanlegt skuli draga úr framleiðslu á viðkomandi svæði. Jafnframt sé mikilvægt að kveðið sé á um nákvæmni mælinga í starfsleyfi.

Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að þann 13. október 2021 hafi Skipulagsstofnun borist tilkynning um breytingar á eldisfyrirkomulagi fyrirtækisins í Reyðarfirði sem felst m.a. í styttingu hvíldartíma úr 12 mánuðum í 90 daga. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu dags. 31. maí 2022 segir að stytting hvíldartíma sé líkleg til að auka álag á botn undir eldissvæðum. Því þurfi að hafa í huga að útsetning seiða eftir hvíld svæðis komi til með að ráðast eftir raunástandi botns. Framkvæmdaraðili muni því ekki geta sett út seiði eftir 90 daga reynist ástand botns ekki hafa náð viðunandi ástandi eftir þann tíma. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar kemur fram að með vöktun og mögulegum viðbrögðum og inngripum leyfisveitenda á grundvelli vöktunar verði unnt að takmarka neikvæð áhrif breytingar á botn og ástand sjávar í Reyðarfirði. Í starfsleyfi þurfi að vera skýr ákvæði um heimildir leyfisveitanda til að bregðast við reynist umhverfisástand ófullnægjandi og auk þess lagði hún til að eftirfarandi skilyrði yrðu sett í starfsleyfi:

1. Vöktun verði á sùrefnisstyrk við botn og styrk næringarefna í sjó og að tilhögun og nákvæmni þeirrar vöktunar sé í samræmi við það sem Hafrannsóknastofnun telur fullnægjandi.
2. Að vöktun á næringarefnum fari fram þegar styrkur þeirra er hvað mestur.
3. Að vöktunaráætlun liggja fyrir áður en leyfi verði veitt.
4. Skýr viðmið um ástand botndýralífs og að tilgreindar verði mótvægisáðgerðir reynist ástand ekki ásættanlegt.
5. Að ekki sé hægt að hefja eldi á ný fyrr en botndýralíf á svæðinu hefur náð ásættanlegu ástandi samkvæmt viðmiðum samþykktum af Umhverfisstofnun. Leiði vöktun í ljós að ástand botns vegna yfirstandandi eldis sé ekki ásættanlegt skal draga úr framleiðslu á viðkomandi svæði eða lengja hvíldartíma.

Umhverfisstofnun bendir á að vöktunaráætlun liggja fyrir en uppfærð vöktunaráætlun hafi stofnuninni borist með umsókn um starfsleyfi dags. 1. júní 2022. Að mati stofnunarinnar uppfyllir vöktunaráætlunin atriði 1, 2 og 4 og þá ætti fullnægjandi vöktunarskýrsla að uppfylla atriði 5.

Í umsögninni bendir stofnunin á að hún hafi staðfest móttöku umsóknar Laxa Fiskeldis ehf. vegna breytingar á starfsleyfi fyrir utanverðan Reyðarfjörð með bréfi dags. 8. nóvember sl. Rekstraraðili hafi sent inn allar upplýsingar vegna breytingarinnar og telst hún fullnægjandi. Líkt og getið er hér að framan lá ákvörðun Skipulagsstofnunar fyrir þann 31. maí 2022. Niðurstaða ákvörðunarinnar sem m.a. sneri að styttingu hvíldartíma var sú að hún væri ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum

Í umsögninni bendir stofnunin á að fjölmargar tafir hafi orðið á afgreiðslu leyfa í sjókvíaldi en ástæða tafanna sé kerfisleg og felst m.a. í auknum kröfum sem gerðar eru til útgefanda leyfa að tryggja að skilyrði séu uppfyllt áður en leyfi eru veitt. Þann 14. desember 2021 var kveðinn upp úrskurður hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) í máli nr. 119/2020 þar sem tiltekið starfsleyfi fyrir sjókvíaldi var fellt úr gild á grundvelli þess að umhverfismat áætlana hafi ekki farið fram vegna burðarþols- og áhættumats. Með þeim úrskurði voru öll leyfismál komin í bið þar sem framkvæma þurfti mat á umhverfisáhrifum áætlana í samræmi við þágildandi lög nr. 105/2006. Þann 4. mars 2022 lágu loks fyrir endurúttekið burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar. Þann 15. júní 2022 var tillaga að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða auglýst og í kjölfar þess fór í gang umræða varðandi öruggar siglingaleiðir og sjókvíaldi. Í ljós hefur komið að fjölmörg sjókvíaldi eru inn á svokölluðum hvítum geisla sem getur stofnað öryggi sjófarenda í hættu. Þessi tvö atriði hafa haft mikil áhrif á alla útgáfu leyfa í sjókvíum og rétt að benda á að einungis hafa verið gefin út tvö ný leyfi til sjókvíaldis árið 2022 m.a. vegna þeirra réttaróvissu sem upp hefur komið. Stofnunin afgreiðir mál í þeirri tímaröð sem þau berast og vinnur því umsóknir um starfsleyfi í þeirri röð þar sem álit liggur fyrir fyrir og forgangsraðar vinnu með þeim hætti.

Í umsögninni kemur fram að rekstraraðili hefur sent inn niðurstöður vegna vöktunar á svæðinu og

þrátt fyrir að hún sé ekki fullkláruð þ.e. að það vantar niðurstöðu ákveðinna sýna þá gefi hún til kynna að botninn hafi náð að jafna sig nægjanlega frá lokum slátrunar fyrir 10 mánuðum.

Stofnunin telur með vísan til alvarleika málsins, dýravelferðar, hagsmuna og tafa vegna afgreiðslu umsókna líkt að skilyrði fyrir undanþágu séu uppfyllt. Stofnunin leggur til í umsögn sinni, verði undanþága veitt, að fylgt sé ákvæðum í gildandi starfsleyfi að undanskildum hvíldartíma. Rekstraraðila verði því heimilt að setja út seiði þrátt fyrir að hvíldartími í starfsleyfi sé ekki liðinn. Þá leggur stofnun til að í undanþágu verði skilyrði um að fyrirtækið uppfæri vöktunarskýrsluna um leið og allar upplýsingar liggja fyrir sem Umhverfisstofnun telur fullnægjandi. Jafnframt að gerð sé krafa um að rekstraraðili fari eftir uppfærðri vöktunaráætlun.

Í ljósi framangreinds, umsagnar Umhverfisstofnunar, þess að fram er komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til Umhverfisstofnunar, gögn liggja fyrir sem gefi til kynna að botninn hafi náð að jafna sig nægjanlega, þess að ríkar ástæður mæli með undanþágu og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita starfsemi Laxa Fiskeldi ehf. í Reyðarfirði undanþágu frá kröfu gildandi starfsleyfis um hvíldartíma til að setja út seiði að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti þau lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Undanþágan er bundin við:

1. Útsetningu 2,3 milljóna seiða samkvæmt útsetningaráætlun fyrirtækisins sem undanþágubeiðnin snýr að á eldissvæði Vattarnesi.
2. Að fyrirtækið fari að ákvæðum gildandi starfsleyfis, utan ákvæðis um hvíldartíma.
3. Að fyrirtækið uppfæri vöktunarskýrslu um leið og allar upplýsingar liggja fyrir sem Umhverfisstofnun telur fullnægjandi
4. Að rekstraraðili fari eftir uppfærðri vöktunaráætlun

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 30. júní 2023.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Guðmundur B. Ingvarsson

Trausti Ágúst Hermannsson